



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild


Fornleifarannsókn í Búðavík í Arnarfirði Rannsókn 2021



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 07-22

Febrúar 2022

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Febrúar 2022
Skýrsla nr: NV nr. 07-22	Verknúmer: 614	Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð til: 1.4.2022 <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Heiti skýrslu: Fornleifarannsókn í Búðarvík í Arnarfirði. Rannsókn 2021.		Blaðsíður: 42
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Upplag: 5
Verkefnisstjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Fjöldi korta:
		Gerð skýrslu/verkstig:
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, Búðarvík, Dynjandisheiði, Vegagerð		Unnið fyrir: Vegagerðina
Lykilorð ensk: Archaeological Survey, Búðarvík, Dynjandisheiði, Road construction,		
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir Hulda Birna Albertsdóttir

Forsíðumynd: Fornleifafræðingur horfir hugfanginn út Búðavík í Dynjandisvogi í Arnarfirði

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	3
2.	ÚTDRÁTTUR	4
3.	SAGA SVÆÐISINS	4
4.	FORSAGA RANNSÓKANRINNAR	5
5.	STJÓRNSÝSLA OG FJÁRMÖGNUM	6
6.	ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM RANNSÓKNINA SUMARIÐ 2021.	6
7.	AÐFERÐAÐFRÆÐI	7
8.	STÆRÐ OG UMFAG UPPGRAFTAR	7
9.	LÝSING MANNVIRKA/SKURÐA	8
9.1.	Skurður A	9
9.2.	Skurður B	10
9.3.	Túlkun úr skurðum A og B	12
9.4.	Skurður D – Hús A	13
9.5.	Skurður C – Hús B	14
9.6.	Skurður E – Hús B	15
9.7.	Túlkun Byggingar A og B	16
10.	GRIPIR	18
11.	NIÐURSTAÐA	20
12.	HEIMILDASKRÁ	21
13.	SKRÁR	22
13.1	Jarðlagaskrá (Contextaskrá)	22
13.2	Fundaskrá	25
13.3	Sýnaskrá	27
13.4	Ljósmyndaskrá	28

1. INNGANGUR

Að beiðni Sigurþórs Guðmundssonar fyrir hönd Vegagerðarinnar gerði Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn í Búðavík í Arnarfirði.

Grunnupplýsingar: Rannsóknarnúmer 202107-0097

ÞJMS númer: 2021-49

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun: 1833-5,1833-6,1833-8

- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018. *Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar. Vestfjarðavegur 60 um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 2-18.*
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013. *Fornleifakönnun við Dynjanda í Arnarfirði. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr.13-13.*

Stutt lýsing rannsókna: Könnunarskurðir til að kanna eðli og umfang tveggja rústa og mögulegs bæjarhóls vegna fyrirhugaðrar veglagningar.


Tegund rannsókna: Framkvæmdarannsókn vegna mögulegrar veglagningar um Búðavík við Dynjandisvog í Arnarfirði.

GPS hnit ISN93: A 390569, N 464680

Rannsóknartími: Ágúst og október 2021.

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.

Fjöldi starfsmanna: Fimm fornleifafræðingar og 3 nemendur.



Mynd 1. Guli punkturinn sýnir staðsetningu Búðavíkur á Vestfjörðum.

2. ÚTDRÁTTUR

Rannsað var svæði sem kallast Búðavík við Dynjandisvog í landi jarðarinnar Dynjanda í Arnarfirði. Gerðir voru tveir könnunarskurðir í meintan bæjarhól [1833-8] og þrír skurðir í tvær hlaðnar rústir [1833-5,1833-6]. Tilgangur rannsóknarinnar var að athuga hvort mannvistarlög væri að finna í hinum meinta bæjarhól og að kanna eðli og umfang þeirra tveggja húsa sem standa við sjóinn. Í ljós kom í skurðum sem grafnir voru í hólinn að þar var þykkur öskuhaugur en undir honum kom í ljós hluti af byggingum. Einnig kom fram í skurði bygging sem hefur verið ofan á öskuhauginum. Ljóst er að þarna eru þykk mannvistarlög og að líklega er að um að ræða hól sem myndast hefur vegna þess að búið hefur verið á svæðinu yfir langan tíma. Núverandi vegur hefur hinsvegar verið lagður yfir hluta hólsins. Öskuhaugurinn sem er ofan á einni byggingunni er líklega frá síðmiðöldum, miðað við þá gripi sem fundust við uppgröftinn. Líklega einhverstaðar frá árunum 1400-1650. Húsið undir öskuhaugnum er því líklega eldra. Rústirnar tvær eru sagðar beitarhús í heimildum en þær eru báðar með hellulögðu gólfi sem er nokkuð sérstakt í fjárhúsum en þó ekki óheyrt.

3. SAGA SVÆÐISINS

Fyrstu heimildir um Dynjanda eru frá miðöldum en á 15. 16. og 17. öld er jörðin Dynjandi mest í eigu ríkismanna sem búsettir voru utan Arnarfjarðar. Dynjandi var að fornu mati 18 hundraða jörð¹ og árið 1847 er jörðin enn 18 hunduð og þá er með talin eyðijörðin Búðarvík.² Búðavík var hjáleiga frá Dynjanda og er talið að hún hafi verið farin í eyði fyrir 1650.³ Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín segir „...að útgangur sé í betra lagi. Skógur til raftviðar er ennþá bjarglegur, en eyðist þó. En til kolagerðar og eldiviðar ennþá nægur, og brúkar ábúanda átölulaust til búnauðsýna sinna. Torfrista og stúnga er lök og lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar er nægur. Selveiði lítill og varla með hlunnindum teljandi.“⁴ Í sóknarlýsingu Rafnseyrarkirkjusóknar 1839 er sagt að bærinn Dynjandi taki „nafn af stórum fjallfossi árinnar, sem rennur hjá bænum.“⁵ Er þá eflaust átt við að hann

¹ Páll Víталín og Árni Magnússon. 1981. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín Ísafjarðar og Strandasýsla

² Johnsen. 1847. Jarðatal á Íslandi

³ Páll Víталín og Árni Magnússon. 1981. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín Ísafjarðar og Strandasýsla, bls. 15-18.

⁴ Páll Víталín og Árni Magnússon. 1981. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín Ísafjarðar og Strandasýsla, bls. 15-18.

⁵ Sóknarlýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952. Samband vestfirzkra áthtagafélaga. Reykjavík,

steypist ofan af fjallsbrún. Bærinn Dynjandi stóð í nánd við ós árinna þar sem sést í rústir, en síðustu ábúendur fluttu þaðan 1951.⁶

Fyrir botni Dynjandisvogs er Búðavík nyrst. Þar var á öldum áður hjáleiga frá Dynjanda en hún féll í auðn fyrir 1650.⁷ Í vikinni voru seinna beitarhús⁸ og verbúðir selveiðimanna.⁹ Vera má að vikin dragi nafn af slíkum búðum en hér mátti forðum heyra glaða hlátra og glímuskelli fengsælla selveiðimanna á kyrrum vetrarkvöldum. Að sögn kunnugra eru hjáleigutóttirnar aðeins nær bænum en tóttir beitarhúsanna og alveg við fjöruna.¹⁰



Mynd 2. Rauði kassinn sýnir svæðið sem rannsakað var. Kort: Landmælingar Íslands.

4. FORSAGA RANNSÓKANRINNAR

Fornleifaskráning fór fram í Búðavík við Dynjandisvog árið 2013 að beiðni Umhverfisstofnunar en samstarfsaðilar voru jafnframt Ísafjarðarbær, RARIK og Arnfirðingafélagið. Var þá jörðin Dynjandi skráð og tilheyrir Búðavík við Dynjandisvog

⁶ Kjartan Ólafsson. 1999, Vestfjarðarit I, Firðir og fólk 900 – 1900, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Búnaðarsamband Vestfjarða

⁷ Páll Vítalín og Árni Magnússon. 1981. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vítalín Ísafjarðar og Strandasýsla, bls ,9-10.

⁸ Páll Vítalín og Árni Magnússon. 1981. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vítalín Ísafjarðar og Strandasýsla, bls 9,10.

⁹ Vestf. þjóðs. II. 2., 27. Sbr. Auðkúluheppur; Kjartan Ólafsson. 1999, Vestfjarðarit I, Firðir og fólk 900 – 1900, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Búnaðarsamband Vestfjarða)bls 34


¹⁰ Kjartan Ólafsson. 1999, Vestfjarðarit I, Firðir og fólk 900 – 1900, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Búnaðarsamband Vestfjarða . bls 34

Jörðinni Dynjanda. Árið 2018 var svo unnið að fornleifaskráningu vegna Vestfjarðarveggar [60] um Dynjandisheiði og var sama svæði skráð.

Nú stendur yfir skipulagsvinna á vegum framkvæmdaaðila þar sem þarf að ákveða hvar vegur á að liggja um svæðið. Í tillögum að breytingum á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar eru tveir valkostir settir fram um veg í Dynjandisvogi. Valkostur eru að fara upp sneiðing ofan við Búðavík (veglína F) eða fara um núverandi veg um Búðavík og þá með breiðari vegi (veglína D).

5. STJÓRNSÝSLA OG FJÁRMÖGNUM

Með bréfi dagsettu 10.5.2021 fer Magnús A. Sigurðsson minjavörður Vesturlands fram á að könnunarskurðir verði gerðir í rústir [1833-5][1833-6] og rústahól [1833-8]. Þar að auki átti að kanna eðli og umfang mannvistarleifa. Rannsóknin var fjármögnuð af Vegagerðinni.



Mynd 3. Myndin sýnir minjarnar í Búðavík þegar þær voru skráðar

6. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM RANNSÓKNINA SUMARIÐ 2021.

Rannsóknin fór fram í tveimur hlutum. Fyrrihluti hennar og aðalrannsóknin fór fram dagana 9-21. ágúst 2021 og var gerð undir stjórn Margrétar H. Hallmundsdóttur. Við

rannsóknina störfuðu Guðrún Jóna Þráinsdóttir og Gunnar Grímsson fornleifafræðingar, en auk þeirra störfuðu við rannsóknina þrjú fornleifafræðinemar frá Bradford Háskóla í Bretlandi. Lokið var við rannsóknina dagana 7-10. október og þá störfuðu við rannsóknina, auk Margrétar; Atli Rúnarsson, Hermann Jakob Hjartarson og Gunnar Grímsson fornleifafræðingar. Allir skurðir voru handgrafnir í plani.

7. AÐFERÐAFRÆÐI

Við rannsóknina var notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafin upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.

Gripir eru skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir voru varðveittir og staðsetning flestra þeirra merkt inn á teikningar. Öll bein og allir gripir í öskuhaug voru varðveitt og öll jarðlög voru þurr sigtuð utan yfirborðslaga. Möskvar sigtis voru 4 mm. Notast var við dróna Mavic air 2. 4 k sem notaður var í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/20 og hæðir teknar með venjulegum hæðamæli. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 4 uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS 650 með 18/55 mm linsu og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma og ípad.

8. STÆRÐ OG UMFAG UPPGRAFTAR

Gerðir voru tveir langir skurðir, skurðir A og B, í rústarhólinn/bæjarhólinn. Skurður A var 1 x 6 m að stærð og skurður B var 1 x 6 m að stærð en var síðar breikkaður í 2 m. Tveir skurðir voru grafnir í Hús B, eða í rúst [1833-6], og var skurður C 1 x 2 m að stærð og skurður E var 1,9 x 1,5 m að stærð. Skurður D var staðsettur í Húsi A, eða rúst [1833-5], og var fyrst 1 x 2 m að stærð en svo var hann stækkaður og ákveðið var að grafa innan úr byggingunni.

9. LÝSING MANNVIRKA/SKURÐA


Við rannsóknina voru grafnir tveir langir skurðir í rústahól [1833-8] og fengu þeir bókstafina **A** og **B**. Einn skurður var grafinn í hús A (rúst [1833-5]) sem fékk bókstafinn **D** og svo tveir skurðir í hús B (rúst [1833-6]) sem fengu bókstafina **C** og **E**.

Rústir [1833-5] og [1833-6] eru nokkuð heillegar er samkvæmt lýsingum er nokkuð á huldu hvaða tilgangi þessar minjar þjónuðu en í örnefnaskrá segir:

„Þessi hjalli nær heim að vík sem heitir Búðavík, þar var búið endur fyrir löngu fyrir 1650, síðan var þar útræði og einnig beit[...]Undir Búðavíkurbökkum er Búðavík sem fyrr getur, það er fögur og sérkennileg vík með bröttum bökkum, sléttum botni og allmiklu aðdýpi. Hér var eins og fyrr segir búið og hér var útræði um tíma, en fjárhús voru þar um 1710. Þar sér fyrir Búðavíkurtóftum og heldur innar aðra tættur sem heita Beitarhúsatættur.“¹¹

Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort þarna séu rústir fjárhússins eða beitarhúsatættarnar. Vegur um svæðið hefur breytt umhverfinu mikið en við rannsóknir á húsunum, bera þau merki þess að vera fjárhús. Þar sem um er að ræða fallegar minjar í einstöku umhverfi var sú ákvörðun tekin að grafa ekki skurð í gegnum rústirnar frá vegg, heldur var ákveðið að reyna að freista þess að ákvarða hvers eðlis rústirnar voru, með skurðum inn í rústunum. Þessi ákvörðun var tekin vegna misvísandi heimilda og að sama skapi hvort þær væru byggðar á eldri rústum. Veggir voru látnir halda sér og rannsóknin beindist að því að rannsaka rústirnar að innan. Með því væri hægt að ákvarða hvaða notkun þær höfðu haft án þess að rústirnar yrðu fyrir skemmdum ef veglína yrði fundin staður frá minjunum. Þegar þessi ákvörðun var tekin hafði þegar komið í ljós í skurðum A og B að ríkuleg mannvistarlög væru um allt svæðið neðan við núverandi veg. Þessi lög benda til þess að á svæðinu hefur verið búið og hafst hafi verið við þar um langan tíma.

¹¹ Örnefnaskrá Dynjanda.



Mynd 4. Myndin sýnir rannsóknarsvæðið. Næst bílnum eru beitarhúsin og svo sést hvar unnið er við skurði á hól sem var myndaður af mannvistarlögum og byggingum.

9.1. Skurður A

Skurður A var gerður í rústarhól [1833-8] og var hann 1 m á breidd og 6 m á lengd. Skurðurinn var staðsettur norður/suður þvert á rústahólinn. Var honum valinn staður þar sem virtist vera veggur en nokkur hækkun var í norður enda skurðar.


Efst var mjög ormétið yfirborðslag [101] mjög laust í sér í enda norðurenda skuðsins var linsa af mól sem greinilega var úr fjörinni og var hún í yfirborðslaginu [101] sem safnast hefur upp með tímanum. Næst kom torfhrun [103] sem líklega er úr torfvegg [106] var sjáanlegur í norðurenda skurðar. Veggurinn var um 30 cm á hæð, var ekki breiður (um 50 cm) og ekkert grjótt var sjáanlegt í veggnum. Við hliðina á veggnum og undir torfhruni



Mynd 5. Myndin sýnir vegginn [106] í endanum og ruslalög við hliðina [102]

[103] var ruslalag [102] sem greinilega var útmokstur úr eldstæði. Í ruslalaginu var bæði að finna leifar af móösku og viðarkolum en þó að stærstum hluta móösku. Beinleifar voru í laginu sem og ýmiskonar gripir. Veggurinn er líklega hluti af mannvirki sem er norðan við skurðinn. Greinilegt er að veggurinn hefur verið meira uppistandandi þegar farið var að henda rusli yfir vegginn, því svo hrynur veggurinn [106] beggja vegna og yfir ruslalagið [102]. Undir veggnum og ruslalaginu er svo náttúrlæg mól [104] eins og er í fjörinni framan við og er veggurinn byggður á þessu lagi. Veggurinn sem kemur fram í skurðinum hefur líklega tilheyrt einhverju mannvirki og hrunið endanlega eftir að farið

var að henda rusli þarna yfir. Gripir sem fundust í laginu benda til þess að ruslalagið sé frá síðmiðöldum, líklega 1400-1650 en í því fundust leirkersbrot sem samkvæmt óformlegu mati sérfræðings (af ljósmyndum) eru frá því tímabili. Nokkrir hnífar og brýni ásamt nöglum fundust í ruslalagiinu.



Teikning 1. Sniðúrskurði A. Veggurbyggingargreinilegurog ruslalög sem safnast við hliðina og inn í rústina.

9.2. Skurður B


Skurður B var tekinn aðeins sunnar á rústarhólnum en var síðar stækkaður til norðust í átt að hinum. Hann var 6 m á lengd og 2 m á breidd. Það sama kom fram í þeim skurði nema að efst var torflag [202] og mikið af steinum sem virtust koma úr byggingu á hólnum en mögulega hefur vegurinn sem nú er um Búðavíkina raskað jarðlögum og þess vegna er torf og grjót úr byggingu efst í skurðinum. Lagið er þunnt og það virðist vera mikið raskað. Undir því lagi kom í ljós þykkt ruslslag [203] sem eins og í hinum skurðinum hafið að geyma móösku, bein og kol, auk gripa. Greinilega var um útmokstur úr eldstæði að ræða. Í öllu laginu voru þunnir steinar mögulega úr þaki einhverrar byggingar. Þegar ruslalagið hafið verið fjarlægt komu í ljós tvær steinaraðir [206] sem mynda vegg og mátti greina torf neðst. Veggirnir hafa verið gerðir úr torfi og grjóti og á milli þeirra var svart feitt lag [205] sem þó var erfitt að greina frá ruslalagiinu. Mögulegt er að lag [205] sem fannst á milli steinana hafi verið gólf í byggingunni. Greinilegt var að þarna var hluti af byggingu sem síðar hafði lent undir öskuhaug, en efst var torflag líklega úr yngri byggingu sem hefur að öllum líkindum verið flótt út við vegagerð.



Mynd 6. Skurður B. Á henni sést torflagið [202] og í vinstra horninu sést í ruslalagið [203] sem svo fannst í öllum skurðinum og torfið lág ofaná. Þarna sést veggja torf og grjót sem er líklega úr útflattri byggingu.



Mynd 7. Skurður B. Þarna sést byggingin sem var neðst undir ruslalagi [203]. Teikningin til hægri sýnir bygginguna í skurði B sem var undir öskuhaugunum.



Teikning. Afstaða byggingar í skurði.

9.3. Túlkun úr skurðum A og B

Ljóst er að hóll [1833-8] er rústahóll. Í honum koma fram a.m.k tvær byggingar og ofan á þeim er þykkt ruslslag, sem er líklega frá yngri byggingum. Við frekari athugun kom í ljós að allt svæðið neðan við veginn geymir mannvistarlög, en án efa hafa verið leifar bygginga þar sem nú er vegur. Öskuhaugurinn virðist vera frá síðmiðöldum og er hann yngri en þær byggingar sem eru þarna neðst.

Erfitt getur verið að greina hlutverk rústa út frá könnunarskurðum en við breikkun á skurði B var hægt að gera betur grein fyrir þeim minjum sem lágu undir sverði. Hægt var að draga þá ályktun að þarna hafi verið búið og hafst við í langan tíma. Heimildir greina frá því að búið hafi verið í Búðavík fram til 1650 og að þar hafi líka verið aðsetur selveiðimanna. Niðurstöður úr skurðunum koma heim og saman við það.

Nokkuð magn af hnífum og brýnum fundust í öskuhaugnum sem gæti stutt að þarna hafi menn verið í útgerð að einhverju tagi og passar það við að þarna hafi verið búðir selveiðimanna. Byggð gæti verið mjög gömul þarna, þar sem öskuhaugurinn ofan á byggingum er líklega frá síðmiðöldum. Í báðum skurðunum komu fram byggingar. Í skurði A kom fram einn veggur og tveir veggir í skurði B. Ruslslag hefur svo safnast yfir og til hliðar við byggingarnar sem bendir til að búseta hafi verið lengur en notkun bygginganna og þá á öðrum stað. Mögulega til hliðar við rannsakaða svæðið eða ofan við það, þar sem vegur liggur núna.

9.4. Skurður D – Hús A

Við veginn í Dynjandisvogi eru tvö hús sem standa þar gróin en mjög heilleg eru rústirnar kallaðar hús A (rúst 1833-5) og hús B (rúst 1833-6). Eru veggir þeirra um einn metri á hæð og eru þau nokkuð heilleg.


Ákveðið var að grafa húsið að innan eftir að skurður D hafði leitt í ljós hellulagt gólf þar sem heimildir greina frá að í Búðavík hafi verið búið, að þar væru að finna fjárhús og þarna hefðu verið búðir selveiðimanna. Var þetta gert til að reyna að finna út hvert hlutverk byggingarinnar væri. Þar sem undarlegt var að hafa tvær byggingar með hellulögðu gólfi sem er óvenjulegt í fjárhúsum. Þetta var gert að höfðu samráði við minjavörð Vesturlands.



Mynd 8. Hellulagt gólfog jata við vegg á húsi A.

Húsið er 8 m á lengd og 5 m á breidd að utanmáli. Efst var yfirborðslag [401] aðallega gróður. Undir því var hrun úr veggjum [402] frekar stórt og slétt grjótt og samsvaraði grjótti í veggjum sem enn standa. Við norðurvegg byggingarinnar, sem er annar langveggur hennar var upphlaðinn grjótgarður sem var meðfram öllum veggnum. Grjótgarðurinn var hann um 50 cm á hæð og 30 cm á breidd.

Undir hruninu [402] var lag sem var torfkennt og gæti verið hrun út veggjum og/eða þaki. Einnig fannst í þessu lagi töluvert að gömlu heyi sem bendir til þess að húsið hafi verið fjárhús. Fremst í húsinu var lag [405] sem virtist vera áfokslag. Undir [405] og [402] var svo hellulagt gólf [406]. Hellurnar þöktu gólfið í húsinu og voru margar þeirra mjög stórar og var vel í lagt þegar þeim var raðað upp. Óhreyfð fjörumöl reynist undir hellum.



Teikning 2. Teikning af húsi A sem hefur líklega verið beitarhús


9.5. Skurður C – Hús B

Tveir skurðir voru gerðir í hús B sem hefur tvö hólf. Annað hólfíð er ílangt eins og hús A en fyrir aftan það er annað minna hólf sem líkist hlöðu. Könnunarskurður C í húsi B var tekin 50 cm frá millivegg milli hólfanna í stærra hólfinu, og skurður E var tekinn í litla hólfíð aftan við. Efst skurði C var yfirborðslag [301] sem var gróðurþekja, þétt grasrót, og var um 15 cm á þykkt. Í yfirborðslaginu voru einnig þrjár stórar hellur sem vógu milli 50-85 kg. Voru þær teiknaðar og fjarlægðar. Lag [302] var hrunlag úr veggjum og þaki og var það aðallega grjót af öllum stærðum og gerðum. Auk þess var þar að finna grjót eins og það sem er í fjörunni framan við. Líklega hefur grjótið komið þar upp í vonskuverðrum eftir að notkun þess. Undir þessu hrunlagi var svo hellulagt gólf [303] sem greinilega var lagt (flórað gólf). Þetta voru sléttir lágbarðir steinar og voru um 30-80 kg á þyngd. Undir

Þessu lagi var náttúrulegt lag [304] sem var smásteinalag eins og er í fjörunni. Engin merki voru um eldri byggingu undir. Bygging B samanstóð af tveimur hólfum og í útliti, mjög líkt fjárhúsi með hlöðu eða heygarði.

9.6. Skurður E - Hús B

Grafin var skurður (E) í aftara hólf byggingarinnar og var skurðurinn 1,9 x 1,5 m að stærð. Efst var lag [351] sem var yfirborðslagið, grasrótin og var að finna í yfirborðslaginu grjót sem var það sama og var að finna í brekkunni ofan húsanna og í fjörunni. Blandaður jarðvegur [352] er að mestu sama efni og lag [351]. Virðist sem rústin hafi fyllst af grjóti þegar vegurinn var lagður. Lag [353] er hrunlag úr veggjum byggingarinnar. Milliveggur milli hólfanna fékk númerið [354]. Svo virðist sem að lítil veggur hafi skipt þessu litla hólfu, en líka getur verið að einfaldlega sé aðeins um hrun að ræða sem hefur raðast svona listilega upp. Það er harla ólíklegt að jafn litlu rými og raun ber vitni hafi verið skipt upp. Lag [356] er torflag sem er greinilega úr veggjum og hefur hrunið inn. Töluvert meira er af torfi í veggjum í aftara hólfinu en var í því stærra, sem er athyglisvert. Skráð voru lög [357] og [358] en þau voru hópuð saman í eitt torfhrun, Enda virðist sem þetta sé allt sama torfhrunið úr veggjum.




Teikning 3. Plan teikning af skurði í minna hólfu í byggingu B, sem líklega var hlaða.



Mynd 9. Ljósmynd af hellulögðu gólfisem er í byggingu B rétt eins og byggingu A.

9.7. Túlkun Byggingar A og B

Bygging A og B eru mjög sérstakar að mörgu leiti. Heimildir greina frá því að þarna hafi verið beitarhús og þau hafi staðið alveg við fjöruna sem passa alveg við þessar tvær byggingar A og B. Byggingar minna mjög á fjárhús í útliti og stærð.



Teikning 4. Teikning sem sýnir byggingar A og B.

Hleðsla sem lítur út sem garði (jata) liggur með langhlið í Húsi A. Það er hinsvegar flóraða hellugólfið sem veldur heilabrotum. Hellulögð gólf finnast oft í miðaldafjósum en það er ljóst að þetta eru ekki fjós. Hús B er líka með hellulögðu gólfi en fyrir aftan það er líka rými sem er minnir á heygarð eða hlöðu. Hellulögð gólf eru ekki hentug fyrir smáar klaufar á sauðfé en þó finnast heimildir fyrir því og þá einkum í Skagafirði.

Í húsi A fannst lag sem samanstóð af þjöppuðu heyi sem styður að þar hafi verið beitarhús. Ástæða þess að hellur voru lagðar í gólf beitarhúsanna gætu leynst undir hellunum. Þar sést að húsin hafa verið byggð á smáu lágbörðu grjóti úr fjörunni og það er mjög gljúpt lag og hefði sauðfé átt mjög erfitt með að standa á því lagi. Líklegt er því að hellur hafi verið lagðar og tað látið mynda gólf ofaná.

Þegar allt er lagt saman, heimildir, útlit, stærð, heylag og garði þá er líklegast að þessar tvær byggingar séu beitarhús/fjárhús, eða að það hefur verið síðasta notkun húsanna. Líklegt er að þessi hús séu yngstu minjar svæðisins enda standa þau nokkuð heilleg niðri við fjöruna. Linsa af móösku var að finna í horni á húsi **A** og var það staðsett undir vegg. Þetta bendir til að húsið hafi verið byggt (allavega) aftasti hlutinn á gömlu ruslalagi. En undir hellunum var síðan alveg náttúrleg möl úr fjörunni.



Mynd 10. Hús B á síðasta degi rannsóknar.

10. GRIPIR

Eins og við er að búast fundust margir gripir í öskuhaugnum sem lág yfir byggingunum. Alls voru skráð 57 gripanúmer og var mest var um nagla og ýmiskonar járngripi. Nokkur keramik brot fundust og eru þau líklega frá síðmiðöldum. Einnig var fundust nokkrir textílbútar sem voru ofnir en ekki prjónaðir, en prjónaþekking kemur ekki til landsins fyrr en eftir 1500.¹² Nokkuð var um hnífa sem er



Mynd 11. Leirkersbrot, rauðleir.

athyglisvert sem og brýni. Engar krítapípur fundust og segir það nokkuð um aldur ruslahaugnsins því yfirleitt finnast þær í haugum sem eru yngri en frá sinni hluta 16 aldar.¹³ Ef gripasafnið er skoðað þá vantar ýmsa gripi sem finnast t.d í landnáms og miðaldalögum eins og kléberg og glerperlur og aðra einkennandi gripi fyrir það tímabil. Hinsvegar fundust gripir sem minna frekar á síðmiðaldir. Ef bara gripir eru skoðaður þá væri hægt að draga þá ályktun að tímabilið sé 1300-1600 en kolaefnagreiningar úr öskuhaugnum munu geta sagt okkur hvort sú ályktun sé rétt.

¹² Elsa E. Guðjónsson 2011:13

¹³Aline Wacke 2014:73



Mynd 12. Rauðleirúrláti sem hefur verið glerjað að innan.



Mynd 13. Ofinn klæðisbútur.



Mynd 14. Nokkrir af þeim hnífum sem fundust í öskuhaugnum.

11. NIÐURSTAÐA

Rannsóknin leiddi í ljós að nær öruggt má telja að þarna hafi verið búið og/eða dvalist í langan tíma. Ruslagað sem fannst í skurðunum bentir til að þarna hafi verið búið enda ruslagað þykkt. Undir ruslagað í einum skurðinum fannst svo bygging. Ruslagað samanstóð að mestu af móösku sem gæti bent til þess að þarna hafi verið búið á síðmiðöldum. Miðað við þær rannsóknir sem hafa farið fram á miðaldaminjum í Arnarfirði hefur komið í ljós að á fyrstu öldum eftir landnám var næg kol að finna og nær ekkert um móösku.

Þegar gripir sem fundust við uppgröftinn eru skoðaðir, og þeir settir í samhengi við gagnasöfn úr öðrum öskuhaugum eru sterkustu líkur á að búseta hafi verið í Búðavík á árunum 1300-1600. Þá er líka skoðað skortur á gripum sem einkenna bæði yngri og eldri ruslalög í öðrum rannsóknum.

Sýni hafa verið send til aldursgreininga en niðurstöður kolefnagreininga liggja ekki fyrir þegar þessi skýrsla er skrifuð. Vonast er til að þær greiningar gefi hugmynd um aldur húsanna sem voru að finna í Búðavík. Engin krítarpípubrot fundust, sem eru mjög algeng í ruslahaugum frá um seinni hluta 16. aldar og fram á 19. öld.

Allt bendir til þess að eitthvað af byggingum hafi lent undir núverandi veg sem liggur þétt við rústahólinn og byggingarnar sem rannsakaðar voru. Einnig sést að töluvert grjót og torf, líklega úr byggingum hefur verið ýtt út og niður brekkuna. Þetta grjót er að finna um allt svæðið þar sem grjót og torf sást efst í könnunarskurði. Undir þessu grjóti var svo öskuhaugurinn og þar undir honum var bygging.

Það er ljóst að neðan við núverandi veg og að fjöru er að finna mikið af mannsvistarlögum og byggingar sem talið er líklegt að séu frá tímabilinu 1300-1650. Líklega hafa verið þarna búðir selveiðimanna sem svæðið dregur nafn sitt af og síðan hafi þarna verið hjáleiga frá Dynjanda eins og heimildir greina frá. Beitarhúsin eru líklega yngstu minjarnar á svæðinu.

Frekari framkvæmdir við núverandi veg myndu hafa mikil áhrif á þessar minjar og er það álit okkar sem unnu að rannsókninni að komi til framkvæmda með breytingum á núverandi vegi þurfi að fara í frekari rannsóknir á svæðinu í formi fornleifauppgrafter.

12. HEIMILDASKRÁ

Aline Wacke. *The clay tobacco pipe collection from Hólar, Iceland A case study* Ritgerð til MA-prófs í fornleifafraeði. Háskóli Íslands 2014.

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð

Elsa E. Guðjónsson. (2011). Um þrjón á Íslandi. Í Oddný S. Jónsdóttir (ritstjóri), Þrjónað úr íslenskri ull. Reykjavík: Vaka-Helgafellútgáfa 1984.

J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn, 1847.

Kjartan Ólafsson, *Vestfjarðarit I, Firðir og fólk 900 – 1900, Vestur-Ísfjarðarsýsla,* Búnaðarsamband Vestfjarða 1999.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzkra átthagafélaga. Reykjavík, 1952

13. SKRÁR

13.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá)

Context	Staðsetning	Tegund	Dags.	Nafn	Lýsing
101	Svæði A	Yfirborðslag	7.8.2021	MHH	Yfirborðslag, mikið ormétið.
102	Svæði A	Ruslslag	7.8.2021	MHH	Öskulag úr ruslahaug, mikið ormétið með mikið af kolaflögum og brenndum beinum og móösku. Lagið nær yfir allan skurðinn.
103	Svæði A	Torfveggur	13.8.2021	CT	Torfveggur rétt undir yfirborðslagi, Veggurinn er einungis sjáanlegur í sniði öðru megin í skurðinum. Ljósbrúnt þétt torf með rauðum blæ.
104	Svæði A	Lag	13.8.2021	KS	Malarlag undir vegg framhald af lagi [105] af náttúrulegu sendnu lagi.
105	Svæði A	Lag	13.8.2021	KS	Mjúkt ljósbrúnt sendið lag fundið undir ruslalagi [102], var ekki sjáanlegt í sniði undir vegg.
106	Svæði A	Torfveggur	13.8.2022	MHH	Torfveggur.
201	Svæði B	Yfirborðslag	16.8.2021	MHH	Yfirborðslag undir grasi, nokkuð ormétið. Lagið er ekki þykkt og beint þar undir er torfhrun.
202	Svæði B	Veggur og hrun	16.8.2021	MHH	Þéttur ljós-millibrúnn siltað torf í vegg. Torfveggurinn liggur efst í skurði ofan á því eru nokkrir stórir steinar. Líklega hluti af byggingu sem hefur hrunið eða flast út, undir þessu er ruslslag. Lagið er um 20-30 cm þykkt.
203	Svæði B	Ruslslag	16.8.2021	MHH	Dökkbrúnt laust ruslslag utan við vegg [202]. Greinilega rusl út eldstæði, mjög svart og kolaríkt. Nokkuð mikið af gripum, mjög lífrænt lag. Torf og torfhrun [202] er að mestu ofan á þessu lagi. Lagið er um 40-60 cm þykkt.
204	Svæði B	Lag	16.8.2021	BT/RÞ	Malarlag ofan á torfi við austur enda, nær yfir allan skurðinn frá norðri til suðurs.
205	Svæði B	Gólf	16.8.2021	MHH	Svart í lag í norður enda undir [203]. Mun svartara en það lag, lífrænt og frekar feitt, mikið af beinaleifum. Lagið hefur blandast ruslslagin, og er líklega gólfslag.

206	Svæði B	Grjóthleðslur	16.8.2021	MHH	Grjóthleðslur úr byggingu sem var undir ruslalagi. Tveir veggir og á milli þeirra er mögulegt gólf [205] og torf á milli steina.
207	Svæði B	Grjóthrun	16.8.2021	MHH	Grjóthrun úr veggjum. Nokkrir steinar sem hafa hrunið úr vegg [206].
301	Svæði C, Skurður 1	Yfirborðslag	12.8.2021	GG	Þétt grasrót, millibrúnn jarðvegur og leirkennd mold um 15 cm þykkt. Steinhellur eru í laginu.
302	Svæði C, Skurður 1	Steinhellur	12.8.2021	GG	Steinar og steinhellur mismunandi að stærð og gerð. Líklega eru þetta hleðsluhellur úr brekkunni aftan við bygginguna. Sendin mold er á milli steinanna. Steinarirnir hafa líklega hrunið úr veggjum.
303	Svæði C, Skurður 1	Sjávargrjót	12.8.2021	GG	Sjávargrjót blandað sendinni, lausri mold in á milli. Líklega hefur þessu lagi verið komið fyrir af ásettu ráði. Lagið er um 5-8 cm að þykkt.
304	Svæði C, Skurður 1	Sjávarmöl	12.8.2021	GG	Gróf sjávarmöl og smásteinar.
351	Svæði C, Skurður 2	Yfirborðslag	6.10.2021	GG	Dökkbrúnt laust sendið yfirborðslag með smáum steinum. Lagið er um 15 cm þykkt.
352	Svæði C, Skurður 2	Blandaður jarðvegur	6.10.2021	GG	Laus, dökkbrúnn sendinn blandaður jarðvegur með smáum steinum. Þykkt lagsins var um 10 cm í vestur enda skurðar og um 30 cm í austurhluta skurðar. Í meginatriðum sama og [351]. Mold, mól sem hafa sest inn á milli grjóthruns úr veggjum [353] Lagið var mest um sig í austur enda skurðar sithvoru megin við vegg/skilrúm [355]. Líkleg hefur þetta lag komið til við lagningu vegar sem er staðsettur austan og ofan rústarinnar.
353	Svæði C, Skurður 2	Grjóthrun	6.10.2021	GG	Steinar sem hafa hrunið úr veggjum byggingarinnar [354] og [355]. Flestir virðast hafa verið notaðir úr skriðum í hlíðinni austan byggingarinnar. Stærð steina um 50 cm í þvermál.
